

Prentsögusetur, vinnufundur 25.01 2025

Fundarstaður: Prentmet Oddi, Krókhálsi 4, 110 Reykjavík.

Fundartími: 09:00 - 12:00

Mætt: Jón Trausti Harðarson, Katrín Jónsdóttir, Tryggvi Þór Agnarsson, Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, Ævar Rafn Kjartansson, Ágúst Guðjónsson, Lilja Rut Benediktsdóttir og Málfríður Finnbogadóttir.

Dagskrá fundar:

1. Kostnaðaráætlun
2. Verk- og tímaáætlun
3. Greinargerð
4. Önnur mál

1. Kostnaðaráætlun

Unnið var að nýrri kostnaðaráætlun. Farið var yfir hvern lið og hún uppfærð miðað við nýjar áherslur. Þá var tekin almenn umræðu um kostnaðarliði, sérlega þá sem kynnu að vera faldir, hækkandi verðlag og hvernig það gæti haft áhrif á heildarkostnað.

2. Verk- og tímaáætlun

Rætt var um forgangsröðun verkefna í tengslum við sýninguna í Skálholti, því við erum búin að setja stefnuna á að opna hana þann 7. nóvember 2025. Ákveðið var að brjóta verkefnið niður í smærri einingar til að auðvelda yfirsýn og til að geta deilt verkefnum á fleiri aðila, sérstaklega þegar kemur að því að velja gripi fyrir sýninguna. Þá ætlum við að leita til fagmanna í hverju fagi til að fá sérfræðipækkingu og ráðgjöf þegar kemur að lokaútfærslu á sýningarhlutum.

3. Greinargerð

Rætt var um að útbúa greinargerð um sýninguna á Skálholti, sem hægt væri að nýta til að kynna verkefnið og í styrktarumsóknir. Málið var sett í farveg.

4. Önnur mál

a. Rætt var að það þurfi að upplýsa félagsmenn um að heimasíðan „<https://prentsogusetur.is/>“ sé hugsuð sem helsta upplýsingaveitan, að við séum ekki að nýta „Facebook“ síðu sem verkfæri til að miðla fréttum. Lagt var til að benda á fundargerðir fyrir þá sem vilja fylgjast með framvindu verkefnisins, það var samþykkt. Þá var einnig rætt að það væri gagnlegt að birta fleiri fréttir á heimasíðu til að halda almenningi og hagsmunaaðilum upplýstum um gang mála.

Fundi slitið 12:07

Katrín Jónsdóttir, ritaði